



Fundargerð

**502. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 22. febrúar 2024, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2402015 - Sjálfbær landnýting umsögn

Lögð fram umsögn sveitarfélagsins vegna draga að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða, eftirfarandi umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. S-3/2024.

Í samráðsgátt stjórnvalda er nú til umsagnar í annað sinn drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Ætla má að hugmyndir þær sem settar voru fram í upphaflegum drögum hafi þótt full framsæknar, a.m.k. af flestum þeim sem þá nýttu sinn andmælarétt. Slík urðu viðbrögðin að tilefni hefur þótt til að staldra við og leggja upp í aðra tilraun.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemendum en telur nauðsynlegt að draga fyrst fram nokkrar staðreyndir um sveitarfélagið er varðar land og atvinnuhætti þess, máli sínu til stuðnings.

Sveitarfélagið Skaftárhreppur í Vestur-Skaftafellssýslu þekur u.p.b. 7% að heildarflatarmáli Íslands. Landfræðilega liggur Skaftárhreppur að gosbeltinu og hafa náttúruhamfarir liðinna alda mjög svo sett sitt mark á jarðsögu sveitarfélagsins. Stórgos í Eldgjá, Skaftáeldar, auk fjölmargra Kötlugosa eru allt atburðir, auk afleiðinga þeirra, sem á sögulegum tíma hafa óumdeilanlega mótað landið og vistkerfi þess.

Skaftárhreppur varð til árið 1990, við sameiningu fimm hafnlausra sveitasamfélaga, sem lengst af byggðu afkomu sína á landbúnaði, einkum sauðfjárrækt. Með uppbyggingu í ferðajónustunni nú á næstliðnum áratugum hafa síðan raungerst gríðarlegar samfélagsbreytingar þar sem verulega hefur dregist saman í hefðbundnum landbúnaði.

*Ar JG.
BHS
Shi.
GRS*



Árið 1990 voru rúmlega 26.800 vetrarfóðraðar kindur í nýsameinuðum Skaftárhreppi og hafði þá fækkað um 6.400 frá því árið 1981. Síðan þá hefur vetrarfóðruðu sauðfé í sveitarféluginu fækkað um rúmlega helming og telur nú u.þ.b. 12.100 fjár. Þá hafa búskaparhættir hér um slóðir sem og annarsstaðar á landinu tekið svo stórfelldum breytingum að engu er saman að jafna. Sjálfsþurftabúskapur liðinna alda, með tilheyrandi beitarálagi, heyrir nú sögunni til og við er tekinn markvissari ræktunarþúskapur þar sem nærri mun láta að beitartími sauðfjár utan ræktaðs lands, jafnist nú á við gjafatíma fyrri áratuga og alda.

Nær allir sauðfjárbændur sveitarfélagsins hafa á undanförnum áratugum verið í samstarfi við landgræðsluyfirvöld, hvort sem er í gegnum félagsleg verkefni á vegum landbótaverkefna Landbótasjóðs eða í einstaka uppgræðsluverkefnum sinna heimalanda á vegum verkefnisins „Bændur græða landið“, einu best heppnaða átaksverkefni í landgræðslu síðustu ára.

Samkvæmt upplýsingum frá héraðsfulltrúum Lands og skóga, áður Landgræðslu Ríkisins hafa um 60 jarðir í Skaftárhreppi tekið þátt í verkefninu BGL frá því að verkefnið hófst árið 1994.

Það ár 1994 byrjuðu 32 jarðir þátttöku í verkefninu og af þeim eru enn 18 jarðir virkir þátttakendur. Virkir þátttakendur í sveitarféluginu árið 2023 voru 31 og meðaltal framkvæmdaára í verkefninu eru 12 ár. Samanlagt flatarmál aðgerða í verkefninu BGL er áætlað um 7.140 ha. Samkvæmt sömu heimildum hafa búnaðarfélög, fyrirtæki og einstaklingar í Skaftárhreppi fengið styrk til uppgræðslu lands í gegnum Landbótasjóð, frá því að það verkefni hófst árið 2003.

Fyrstu 2 árin var aðeins eitt verkefni sem nýtti sér styrk úr LBS. Árið 2006 voru verkefnin orðin fimm og nú hin síðustu ár hafa sjö verkefni verið í gangi á vegum LBS í sveitarféluginu. Flatarmál aðgerðarsvæða Landbótasjóðsverkefna í Skaftárhreppi er 2.468 ha. og samanlagt flatarmál allra Landbótasjóðsverkefna í sveitarféluginu eru 3.717 ha.

Í þessu sambandi er einnig vert að geta þess að gríðarlega mikil sjálfsuppræðsla lands hefur átt sér stað um allt sveitarfélagið. Til marks um þá þróun alla er sú staðreynd að víðirunnar og aðrir kvistlingar hafa á undanförnum árum sprottið upp vítt og breytt um sveitina, þrátt fyrir búfjárbeitina.

Þá er það staðreynd, ef þessi drög verða að veruleika, mun ásýnd sveitanna breytast verulega með brotthvarfi sauðfjárbúskapar. Íslenskir bændur njóta velvilja mikils meirihluta þjóðarinna sem finnst vel hirt bændabýli með slegnum túnum vera þjóðarsómi. Sama má segja um erlenda ferðamenn og hefur íslenska sauðkindin glatt margt augað þar og má því segja að um jákvæða landkynningu sé að ræða. Loks má nefna menningarverðmaðrin sem felast til dæmis í göngum og réttum á haustin.

AB JG

BHS

Svi.
GK



Að öllu framansögðu má því segja að bændur og búalið sem einir bestu vörslumenn lands stuðli að markmiðum um sjálfbæra landnýtingu, fái þeir til þess frið og viðurkenningu. Það má því með góðum rökum fullyrða að komið sé í bakið á viðkomandi aðilum nú, með umræddum reglugerðardrögum.

Auk þess sem að framan er sagt vill sveitarstjórn Skaftárhrepps gera eftirfarandi athugasemdir við reglugerðardrögin og viðauka þeirra.

Hugtakið „vistgeta“ kemur fyrir í reglugerðinni. Svo er að skilja að hér sé átt við þann eiginleika sem endurspeglar þær vistkerfisþjónustur sem land á að geta veitt, hér með tilliti til gróðurs og jarðvegs. Vistgeta ræðst af loftslagi, landslagi og þeim jarðvegi sem þar ætti að ríkja og endurspeglar hvert ástand landsins ætti að vera, væri hnignun ekki til staðar.

Misjöfn veðurfarsleg skilyrði undanfarinna árhundraða auk þeirra náttúruhamfara sem að framan er líst í þessu erindi hafa hér í Skaftárhreppi ráðið mestu um hvert númerandi ástand landsins er. Það er fráleitt að halda að númerandi takmörkuð beitarafnot ráði þar nokkru um.

Grundvöllur reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu hvílir á hugtakinu „sjálfbærni“. Það er að segja að landnýting gangi ekki á landgæði og eiginleikar viðhaldist í númerandi ástandi að lágmarki, eða styrkist. Þetta kemur einnig fram í 9.grein laga nr. 155/2018 um landgræðslu, en þar segir: Nýting lands skal vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni, sbr. 11.gr.

Lagastoð reglugerðarinnar byggir því á að tryggja sjálfbærni, en lagastoðin felur ekki í sér sérstakar heimildir til eiginlegra uppgræðsluverkefna og svo virðist sem kostnaði skuli velt yfir á þá sem standa fyrir landnýtingu á þeim grunni. Eins og fram kemur fyrr í þessari umsögn er mikilvægt að hafa í huga að víðast hvar hefur sauðfé í Skaftárhreppi fækkað mjög á undanförnum árum. Í ljósi þess má ætla að númerandi beitarálag hafi víðast hvar fyrst og fremst þau áhrif að hægja á eflingu vistkerfa fremur en að gengið sé á gæði lands. Landnýting getur því verið fyllilega sjálfbær, þó land sé lítt gróið nú. Hafa ber í huga að sjálfbærniviðmið tekur mið af númerandi ástandi vistkerfa en ekki því ástandi sem ætla má að land hafi verið í, fyrr á tínum.

Þá sætir furðu að lesa 11.grein í reglugerðardrögunum, en þar eru tíunduð skilyrði þess ef gera þarf landbótaáætlunar. Þar er m.a. gerð sú krafa að landnýting verði sjálfbær í lok tíu ára tímabils áætlunar þó svo að hvergi komi fram í reglugerðinni hvert hið eiginlegt viðmiðunarland skuli vera. Þá má svo skilja að landbætur/uppgræðslur heyri frekar til undantekninga en reglu og hvergi er að finna í reglugerðardrögunum tilraun til að leggja mat á kostnað við landbætur komi til þess, við gerð landbótaáætlana.

Í Viðauka I. Viðmið fyrir mat á ástandi beitarlands, er í löngu máli nánar raktar ástæður þess að setja þurfi svo ströng skilyrði fyrir landnýtingu. Í grunninn er það niðurstaða handritshöfunda að allt land sem ekki nær 20% æðplöntuþekju ætti ekki að nýta til beitar og að þau svæði sem flokkast í viðmiðunarflokk C sé land sem tekur langan tíma að koma í gott ástand miðað við

Ah JG
BHS
Svín GP



viðmiðunarsvæði. Þetta eru svæði langt undir vistgetu og viðmiðunarástandi sem munu taka meira en 20 ár að ná viðmiðunarástandi skv. landbótaáætlun. Svæði sem falla í þennan flokk henta ekki til beitar í núverandi ástandi og beit á þeim telst ósjálfbær. Landbótaáætlun skal hafa að markmiði að koma í veg fyrir búfjárbeit á landi í flokki C. Ekki er hægt annað en velta fyrir sér hvers vegna gera þurfi landbótaáætlun fyrir þau svæði, þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir búfjárbeit.

Að endingu varðandi Viðauka I þá er ekki annað hægt en vekja athygli á leiðbeiningum í 7.liðum um úrræði til að ná markmiðum sjálfbærrar landnýtingar. Þar er sett á prent fremur hjákáleg tillaga embættis- og vísindamanna sem ekki vita betur. Leiðbeiningar til sauðfjárbænda um það hvernig megi m.a. með svokallaðri „sýndarfriðun“ sporna við ágangi sauðfjárdinnar inn á lakari gróin landsvæði.

Það er mat sveitarstjórnar Skaftárhrepps að þau markmið sem sett eru fram samkvæmt texta í Viðauka I séu svo óaðgengileg og beinlínis óraunveruleg að útilokað verði að vinna eftir þeim. Jafnframt er það mat sveitarstjórnar að reglugerðardrögin í heild sinni, mál s-3/2024 séu, þrátt fyrir góðan vilja, ótæk til áframhaldandi meðferðar.

Sveitarstjórni Skaftárhrepps mótmælir því harðlega framkomnum reglugerðardrögum og skorar á matvælaráðherra að taka þau til gagngerrrar endurskoðunar. Ella blasi við að ein af meginundirstöðum atvinnulífs í Skaftárhreppi heyri nánast sögunni til.

2. 2402017 - Skipun byggingarnefndar leikskóla
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa eftirfarandi í byggingarnefnd um nýjan leikskóla:
Auður Guðbjörnsdóttir, formaður, Búlandi
Guðrún Sigurðardóttir, Mörk
Dóra Esther Einarsdóttir, Eystra-Hrauni 3
3. 2402018 - Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps
Lögð fram húsnæðisáætlun 2024.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða húsnæðisáætlun fyrir Skaftárhrepp.
4. 2402019 - Skólaakstur
Oddviti gerði grein fyrir málinu.
Eins og ljóst er hefur akstur á leiðum 1, 2, 4 og 6 verið með samningum sem gilda út yfirstandandi skólaár.
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir starfsmönnum á tímakaupi eða föstu gjaldi á hvern km á leiðum 1, 2, 4 og 6 fyrir næsta skólaár.



Auður Guðbjörnsdóttir og Björn Helgi Snorrason, véku af fundi undir þessum lið.

5. 2402020 - Breytingar á 4.gr. ákvörðunar um fasteignaskatt
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að færa gjalddaga fasteignagjalda aftur um einn mánuð.
6. 2402014 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)
Lögð fram bókun stjórnar SASS vegna heimavistar við Fjölbautarskóla Suðurlands (FSu)

Á 606. fundi stjórnar SASS var eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórn SASS skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbautaskóla Suðurlands verði eytt hið allra fyrsta. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum þá rennur samningur um núverandi húsnæði heimavistarinnar út á vordögum 2024 og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nemendum sem þess þurfa húsnæðisúrræði fyrir næsta skólaár.

Það markaði tímamót þegar samningar náðust um rekstur heimavistarinnar á haustdögum 2020 eftir nokkurra ára tímabil þar sem engin húsnæðisúrræði voru til staðar. Nýtingin á heimavistinni hefur verið mjög góð og það sætir því furðu að ríkið skuli ekki ganga frá samningum um áframhaldandi rekstur hennar þegar fyrir liggur að tilboð barst frá núverandi rekstraraðila.

Heimavist við skólann er lykilatriði í því að tryggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi. Framkvæmdastjóra og stýrihópi er falið að fylgja erindinu eftir og óska eftir fundi með ráðherra.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur að öllu leyti undir bókun stjórnar SASS frá 2. febrúar 2024 og skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbautarskóla Suðurlands verði eytt hið fyrsta. Mikill fjöldi nemenda í Skaftárhreppi hefur nýtt sér heimavistina frá því hún var endurvakin árið 2020 og allt útlit er fyrir að nemendum fjölgi enn frekar á næstu árum. Sveitarstjórn Skaftárhrepps ítrekar að heimavist við skólann sé lykilatriði í því að tryggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi.

7. 2402008 - Bergrisinn bs
Lögð fram fundargerð 64. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 9. október 2023 ásamt reglum um stoðþjónustu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða fram lagðar reglur Bergrisans bs. um stoðþjónustu við fatlað fólk. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

At-
B HS
Ski-
Gö



Fundargerðir til kynningar

8. 2402003 - Heilbrigðisnefnd Suðurlands
Lögð fram fundargerð 233. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, frá 12. febrúar 2024.
Lagt fram til kynningar.
9. 2402004 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Lögð fram fundargerð 606. fundar stjórnar SASS, frá 2. febrúar 2024.
Lagt fram til kynningar.
10. 2402005 - Hula bs.
Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Hulu bs., frá 31. janúar 2024.
Lagt fram til kynningar.
11. 2402006 - Félags- og skólajónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Lögð fram fundargerð 78. fundar stjórnar, FSRV, frá 22. janúar 2024.
Lagt fram til kynningar.
12. 2402007 - Vatnajökulsþjóðgarður
Lögð fram fundargerð 114. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, frá 31. janúar 2024.
Lagt fram til kynningar.
13. 2402009 - Bergrisinn bs
Lögð fram fundargerð 65. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 9. nóvember 2023
Lagt fram til kynningar.
14. 2402010 - Bergrisinn bs
Lögð fram fundargerð 66. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 20. nóvember 2023
Lagt fram til kynningar.
15. 2402011 - Bergrisinn bs
Lögð fram fundargerð 67. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 4. desember 2023
Lagt fram til kynningar.
16. 2402012 - Bergrisinn bs

Ab
B HS
Shi.
Ges
1546



Lögð fram fundargerð 68. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 18. desember 2023

Lagt fram til kynningar.

17. 2402013 - Bergrisinn bs

Lögð fram fundargerð 69. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 27. janúar 2024.

Lagt fram til kynningar.

Skýrsla sveitarstjóra

18. 2402016 - Fundur 502

Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum.

Sveitarstjóri, greindi meðal annars frá þeiri stöðu sem upp væri komin í grunnskóla sveitarfélagsins.

Kynnti hann fyrir sveitarstjórm drög að deiliskipulagi á ríkislandinu á Kirkjubækarklaustri og annað það sem fram kom á fundinum.

Sveitarstjóri greindi frá því að fyrirhugað væri að halda íbúafund fimmtudaginn 7. mars næstkomandi og stefnt væri að því að fundurinn yrði haldinn í Félagsheimilinu Tunguseli.

Fleira ekki gert,
fundu slitið kl. 11.26.

Jónas Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Sveinn H. J.
Sveinn Hreiðar Jensson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir